

FUNDARGERÐ

308. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, miðvikudaginn 27. apríl 2022 kl. 14:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Skúli Björnsson (SB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Óli G. Metúsalemsson verkfræðingur sat fundinn undir liðum 2 og 5.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: *Enginn*

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Stjórn skiptir með sér verkum
 - 2 Kyndingarkostir á Seyðisfirði
 - 3 Hreinsistöð Melshorni
 - 4 Fráveita Djúpavogi – matsskyldufyrirspurn o.fl.
 - 5 Hitaveita í Eiða
 - 6 Jarðhitaleit í Eiðaþinghá
 - 7 Skógrækt á Flötum, Eyvindardal – styrkumsókn
 - 8 Verkefnin
 - 9 Önnur mál
 - a. Beiðni um upplýsingar
-

1 Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórn skiptir með sér verkum. Lögð fram tillaga um óbreytt störf stjórnarmanna, GJ formaður, ÁB varaformaður og JB ritari. Samþykkt samhljóða. Fyrir liggur að breytingar verða á mönnun stjórnar á næstu vikum, að afloknum kosningu til sveitarstjórnar 14. maí nk.

2 Kyndingarkostir á Seyðisfirði

Óli Metúsalemsson mætir til fundarins

Hann kynnir helstu niðurstöður greiningarskýrslu á kyndingarkostum fyrir Seyðisfjörð til framtíðar. Megin niðurstaða greiningarvinnunar er:

„Miðlæg varmadæla er ekki sú lausn, sem vonast var eftir. Hitaveita um Seyðisfjarðargöng er hagkvæm lausn en þó lítið ódýrari en bein rafhitun fyrir þá sem njóta niðurgreiðslna en mjög hagkvæm fyrir þá sem ekki njóta þeirra og stærri notendur. Sama má segja um loft-í-vatn varmadælur í hvert hús og getur sú lausn verið hagkvæmari en hitaveita fyrir stærri notendur.“

Stjórn vísar skýrslunni til byggðaráðs Múlaþings til umræðu. Stjórn bendir á að nú er unnið að því að greina og rannsaka fleiri möguleg hitaveitusvæði á Héraði og því er ekki vitað hver afkastageta hitaveitunnar verður til lengri tíma lítið. Stjórn bendir einnig á að forsenda

hitaveitu á Seyðisfirði er aðveitulögn um Fjarðarheiðargöng og tímalína lagningar hitaveitu til Seyðisfjarðar bundin þeirri framkvæmd.

3 Hreinsistöð Melshorni

Liður 3 var afgreiddur í framhaldi aflið 5

HEF sendi skipulagssviði Múlaþings uppfærð gögn 6. apríl, eftir athugasemdaferli. Tillagan var tekin fyrir á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings í morgun og vísað til Heimastjórnar, sem áætlað er að fundi 9. maí nk. Í kjölfarið hefst 6 vikna auglýsingatími og afgreiðsluferli Skipulagsstofnunar.

Lagt fram til kynningar.

4 Fráveita Djúpavogi – matsskyldufyrirspurn o.fl.

Matsskyldufyrirspurn er í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun. Heimastjórn (Náttúruverndarnefnd Múlaþings) mun afgreiða umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar á fundi sínum 2. maí. HEF mun, að fengnum umsögnunum, gefast tækfæri til bregðast við athugasemdum áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun, hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Lagt fram til kynningar.

5 Hitaveita í Eiða

Liður 5 var afgreiddur í framhaldi aflið 2

ÓGM situr fundinn undir þessum lið.

Hann kynnir bráðabirgðaniðurstöður matsvinnu sem hann hefur unnið að síðustu vikurnar. ÓGM yfirgefur fundinn.

Stjórn metur hitaveitulögn í Eiða hagkvæmasta kostinn af þeim sem skoðaðir hafa verið til húshitunar á svæðinu, þegar tillit hefur verið tekið til orku- og stofnkostnaðar.

Stjórn samþykkir að leggja heitt vatn í Eiða að því gefnu að áætluð notkun náist og þar með að áætlaðar rekstrarforsendur standi. Reiknað er með að stofnlögn verði lögð frá stofnlögn á Egilsstaðanesi.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu.

Samþykkt samhljóða.

6 Jarðhitaleit í Eiðaþinghá

Farið yfir stöðu verkefnis en til stendur að bora 4-5 hitastigulsholur í júní í landi Breiðvaðs/Mýness.

Framkvæmdastjóra falið að vinna að samningum við landeigendur.

7 Skógrækt á Flötum, Eyvindardal – styrkumsókn

Gunnar Jónsson yfirgaf fundinn undir lið nr. 7

Framkvæmdastjóra barst erindi frá Þorsteini Þorgeirssyni, stjórnarformanni Skógræktarfélags Kollsstaðagerðis og Flata, 25. mars s.l. Málið hefur áður verið á dagkrá stjórnar HEF veitna á fundum nr. 152 (árið 2013), 296 og 298 (árið 2021). Þorsteinn ítrekar fyrri óskir um kostnaðarþátttöku HEF við áformaða skógrækt á Flötum. Stjórn HEF afgreiddi málið á 152. fundi sínum, 8. júlí 2013 og hafa forsendur ekki breyst síðan. Mat ráðgjafa HEF (greinargerð ÍSOR-13047) er afdráttarlaus og metur mengunarhættu enga frá Flötum. Þá segir í niðurlagi greingargerðarinnar: „... að ... ekki [sé] ástæða til að ætla að nein hætta fylgi

hvers kyns starfsemi við innanverða [Köldukvísl]. Þar er bensínstöð ekki undanskilin, afrennsli frá henni er til Eyvindarár og úr henni fær vatnsból HEF ekki vatn sitt.“

Stjórn HEF veitna hafnar umleitun Skógræktarfélagsins um styrkveitingu vegna meintrar skerðingar nýtingarmöguleika á landi Flata vegna Köldukvíslarveitu.

Gunnar Jónsson kom inn á fundinn.

8 Verkefni

Fyrir fundinum liggja fundagerð úr ljósleiðaraverkefni og listi um stærstu verkefni í undirbúningi og vinnslu. Farið yfir stöðu verkefna.

9 Önnur mál

a. Beiðni um upplýsingar

Gunnar Jónsson yfirlag fundinn undir þessum lið.

Fyrir stjórn liggur fyrir beiðni frá sveitarstjórnarfulltrúa um upplýsingar um skipulagsmál á Melshorni. Framkvæmdastjóra falið að taka sama svör við erindinu og boða bréfitara til fundar um málið.

Gunnar Jónsson kom inn á fundinn.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:10.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2022

